

Reykjavík, 11. janúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum
um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.)**

Krabbameinsfélagið þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til umsagnar.

Krabbameinsfélagið hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbak (reyktóbak sem reyklaust tóbak) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fikt með reyklaust tóbak þróist oft út í daglega notkun þess, ekki síst meðal unga fólksins. Hætta er einnig á, ef ekki er brugðist við, að ákveðin vörupróun með bragð- og lyktblöndun nái inn á íslenskan markað. Í umræddu frumvarpi er áréttuð nauðsyn þess að binda í lög hömlur á frekari vörupróun og markaðssetningu á tóbaksvörum sem er sérstaklega beint að ungu fólki.

Krabbameinsfélagið hvetur því eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd sem það liggur fyrir. Jafnframt hvetur félagið þingmenn til ennfrekari aðgerða í þágu tóbaksvarna á Íslandi þannig að við getum verið áfram í fararbroddi á þessu sviði.

Virðingarfyllt,


Ragnheiður Haraldsdóttir
forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands


Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags Reykjavíkur